

Erindi Vina Vatnsendahvarfs dags. 7. desember 2020 til íbúaráðs Breiðholts um drög að tillögum að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030

Kæra íbúaráð Breiðholts,

Vinir Vatnsendahvarfs vilja senda inn eftirfarandi fyrirspurnir er varða fyrirhugaðan 3. kafla Arnarnesnesvegjar:

1. Í nýlegum tillögum að breytingum á aðalskipulagi Reykjavíkur þá koma fram áætlanir um hálfmislæg og ljósastýrð gatnamót fyrir 3. kafla Arnarnesvegjar, sem er 4 akreina stofnbraut með risastóru hringtorgi sem mun liggja alveg upp við fyrirhugaðan Vetrargarð. Þessar áætlanir byggja á nær tveggja áratuga gömlu umhverfismati og hafa Reykjavíkurborg, Kópabogsbær og Vegagerðin staðfastlega haldið fram að það sé engin þörf á nýju umhverfismati, þrátt fyrir að miklar breytingar hafi orðið á áherslum í umhverfismálum og samgöngumátum á þessum tveimur áratugum. Þar sem þessi vegur mun dreifa ótakmarkaðri svifryksmengun og hávaða yfir nærliggjandi hverfi og Vetrargarðinn sem er hugsaður sem leik- og útivistarsvæði barna, ásamt því að kljúfa Vatnsendahvarfið í tvennt og eyðileggja þar með dýrmætt útivistarsvæði borgarbúa; hvernig stendur á því að Íbúaráð Breiðholts hefur ekki ekki gert neinar athugasemdir við þessar breytingar á deiliskipulagi, né krafist þess að nýtt umhverfismat verði gert?

2. Hvað finnst íbúaráði um það að Vetrargarðurinn verði að ónothæfu hættusvæði vegna svifryksmengunar á gráum dögum?

3. Miklar umferðartafir geta orðið á Breiðholtsbraut á háannatíma, sérstaklega á sumrin, vegna mikils fjölda ljósastýrðra gatnamóta upp að Jaðarseli. Hvernig er það réttlætandi að samþykkja önnur ljósastýrð gatnamót á vegamót Breiðholtsbrautar og Arnarnesvegjar, þegar Breiðholtsbrautin er þegar stífluð vegna allra þessara ljósastýrðu gatnamóta?

Virðingarfyllst,
Helga Kristín Gunnarsdóttir
f.h. Vina Vatnsendahvarfs
vatnsendahvarf.is